

## **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.**

Hinn 17. nóvember 2011 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að endurskoða reglugerð nr. 1024/2006, um starfsemi veiðifélaga, og einnig reglugerð nr. 412/2007, um arðskrár veiðifélaga, en báðar reglugerðirnar eru settar samkvæmt heimildum í lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Í starfshópinn voru skipuð Óðinn Sigbórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, sem var formaður starfshópsins, Árni Ísaksson, forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, og Sigríður Norðmann, lögfræðingur í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Einnig starfaði með starfshópnum Ingimar Jóhannsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Starfshópurinn taldi nauðsynlegt að setja í reglugerð um starfsemi veiðifélaga ákvæði um starfsemi deilda. Við vinnu starfshópsins hafi hins vegar komið í ljós að ákvæði 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem hefur að geyma heimild til þess að stofna deildir í veiðifélögum, sé svo óljós að ekki sé unnt að byggja á því ný og ítarlegri ákvæði í reglugerð um starfsemi deilda í veiðifélögum, með því efni sem starfshópurinn telur nauðsynleg.

Með bréfi frá ráðuneytinu hinn 19. mars 2012 tilkynnti ráðuneytið að það hefði ákveðið að fela starfshópnum að ljúka við að semja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, þar sem m.a. verði gerðar breytingar á ákvæðum laganna um starfsemi deilda í veiðifélögum og gerðar lagfæringar á öðrum ákvæðum laganna sem rétt væri að gera með sama frumvarpi.

Á aðalfundi Landssambands veiðifélaga, sem haldinn var á Húsavík dagana 8. – 9. júní 2012, var m.a. fjallað um ofangreint mál og eftirfarandi ályktun samþykkt:

“Aðalfundur Landsambands veiðifélaga, haldinn á Húsavík dagana 8. – 9. júní 2012, bendir á eftirfarandi:

Sérstakur starfshópur, sem meðal annars skyldi undirbúa setningu reglugerðar um stöðu og starfshætti deilda innan veiðifélaga, hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga nr. 61/2006 um þetta efni, séu ekki nægjanlega skýr til að byggja megi reglugerð á þeim.

Lögfræðingur, sem Landssamband veiðifélaga fékk til að vinna álitserð um þessi mál, komst að sömu niðurstöðu. Þarna er því úrbóta þörf.

Aðalfundur LV, haldinn á Húsavík dagana 8. og 9. júní 2012, telur nauðsynlegt að marka stefnu samtakanna í þessu málum.

Allsherjarnefnd LV hefur fjallað um þessi mál á fundi sínum og mælir með að gerðar verði breytingar á lögum nr. 61/2006 sem meðal annars geri mögulegt að setja reglugerð er tryggt geti eftirtalin atriði:

Að áfram verði heimild til að veiðifélög starfi í deildum.

Að kveða svo á um að sé félag deildaskipt, þá skuli slík skipting taka til alls félagssvæðisins.

Tryggður verði skýr lagarammi um starfsemi móðurfélaga og deilda innan þeirra, þannig að unnt sé að byggja reglugerð um starfsemi deilda á þeim.”

Þessi ályktun aðalfundar LV var síðan send til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Starfshópurinn skilaði síðan drögum að frumvarpi til ráðherra hinn 27. ágúst 2012

Á haustmánuðum lagði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra fram frumvarp um málið á Alþingi, þ.e. “Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum (deildir í veiðifélögum).” Þskj. 466 – 390. mál.

Slóðin er: <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=141&mnr=390>